

F U N D A R G E R ð

1. október 2019

Fundur stjórnar, haldinn í Fossvogsskóla

Mættir: Elfa Þöll Grétarsdóttir, Eyþóra Hjartardóttir, Hrund Hauksdóttir, Illugi Gunnarsson, Karl Óskar Þráinsson, Magnús Már Guðmundsson og Unnur Björnsdóttir.

1. Stjórn skiptir með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður: Karl

Varaformaður: Elfa (fram að áramótum)

Gjaldkeri: Unnur

Ritari: Eyþóra

Meðstjórnendur: Guðrún Lára, Hrund, Illugi og Magnús Már.

2. Fastir fundartímar stjórnar FFF:

Annar miðvikudagur í mánuði kl. 20. Nema 13. nóv og 11. mars þá eru fundir með skólastjóra kl. 17:30. Einnig breyting í apríl, þá verður fundur 1. apríl vegna páska.

3. Skipting annarra verkefna:

Rætt um frekari skiptingar verkefna en ekkert ákveðið annað en að Elfa verður áfram með Betri bústaði.

4. Skólaráðsfundur:

Á miðvikudaginn eftir viku. Stjórn FFF fundar síðar sama dag.

5. Bekkjarfulltrúafundur.

Breytt dagsetning frá því sem áður var ákveðið. Stefnt að bekkjarfulltrúafundi 16. eða 17. október 2019. Neglt niður á næsta stjórnarfundi.

6. Önnur mál:

Rætt um hlutverk foreldrafélaganna og mikilvægi samstarfs við skólann, sbr. nýjar starfsreglur FFF.

Árleg utanlandsferð 7. bekkjar – foreldri kom með málefni inn á fund FFF og vildi að það yrði tekið samtal um þessar ferðir. Stjórn skoðar hvort ástæða sé til að ræða þetta á vettvangi foreldrafélagsins.

Betri bústaðir – Elfa gerir grein fyrir stöðunni á verkefninu. Gengur vel. Allir aðilar sem koma að börnunum í hverfinu farnir að taka þátt. Réttó kemur illa út í niðurstöðum nýrrar könnunar Rannsóknar og greiningar varðandi orkudrykki, „vape“ og svefn.

Stjórn foreldrafélags Fossvogsskóla

Verkefnið er komið í samstarf við Landlæknisembættið. Skólarnir eru að vinna saman að því að taka námsefni inn um þessi atriði. Komið „logo“ fyrir þetta verkefni frá nemanda í Réttó sem fer svo áfram í grafíska hönnun. Barnaþing 7. nóvember nk. FFF spái í það hvernig best sé að virkja foreldra til þátttöku í þessu verkefni síðar.

Stefnt að næsta fundi stjórnar FFF miðvikudaginn 9. október nk.

Fundargerð ritaði EHj.